



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# UNGIR EINLEIKARAR

24. APRÍL 2026  
ELDBORG HARPA



---

# VELKOMIN



---

VINSAMLEGAST HAFIÐ SLÖKKT  
Á FARSÍMUM MEÐAN Á  
TÓNLEIKUM STENDUR

---

TÓNLEIKAGESTIR ERU BEÐNIR UM  
AÐ KLAPPA AÐEINS Í LOK TÓNVERKS

---

TÍMALENGD VERKA:

FLAUTUKONSERT 18“  
FÍÐLUKONSERT 21“  
ARIUR 18“  
PÍANÓKONSERT 33“

---

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og  
þeim verður útvarpað á Rás 1 þann 7. maí nk.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube  
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna  
lagalista með allri tónlist starfsársins.

# UNGIR EINLEIKARAR

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 24. APRÍL KL. 19:30

## SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

**BALDUR BRÖNNIMANN**  
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**LILJA HÁKONARDÓTTIR**  
FLAUTA

**MATTHILDUR TRAUSTADÓTTIR**  
FIÐLA

**HALLDÓRA ÓSK HELGADÓTTIR**  
SÓPRAN

**MARIANN RÄHNI**  
PIÁNÓ

## JACQUES IBERT

Flautukonsert (1932)

- I. Allegro
- II. Andante
- III. Allegro Scherzando

## ALEXANDER GLAZUNOV

Fiðlukonsert í a-moll, Op. 82 (1904)

## HLÉ

## WOLFGANG AMADEUS MOZART

Vorrei Spiegarvi, oh Dio, K. 418 (1783)

## GIACOMO PUCCINI

Quando m'en vo - aría Músettu úr *La Bohème* (1896)

## WOLFGANG AMADEUS MOZART

Einer wird kommen - aría Soniu úr *Der Zarewitsch* (1927)

## LEONARD BERNSTEIN

Glitter and be Gay - aría Kúnígúndar úr *Candide* (1956)

## GEORGE GERSHWIN

Píanókonsert í F-dúr (1925)

- Allegro
- Adagio – Andante con moto
- Allegro agitato

---

# EINLEIKARA- OG EINSÖNGVARAKEPPNI

---

## LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

Ungir einleikarar er samstarfsverkefni Listaháskóla Íslands og Sinfóníuhljómsveitar Íslands en sigurvegarar keppninnar fá tækifæri til þess að koma fram með Sinfóníuhljómsveitinni á glæsilegum tónleikum. Keppnin er opin nemendum á öllum stigum háskólanáms án aldurstakmarks og er nú haldin í tuttugasta og fyrsta sinn. Í ár sóttu alls 17 keppendur um og var hópur þátttakenda afar fjölbreyttur að vanda.

Keppninni er skipt í tvær umferðir og fór seinni umferðin fram í janúarbyrjun 2026. Þar komu keppendur fram fyrir fimm manna dómnefnd og eftir stóðu fjórir sigurvegarar.

## DÓMNEFND

Sigrún Eðvaldsdóttir konsertmeistari SÍ, Birna Hallgrímsdóttir píanóleikari, Steinunn Vala Pálsdóttir flautuleikari, Kristín Einarisdóttir Mäntylä söngkona og Tryggvi M. Baldvinsson, listrænn ráðgjafi SÍ.

## RITUN TEXTA Í TÓNLEIKASKRÁ

Ungu einleikararnir sem koma fram á tónleikunum í kvöld sáu um ritun texta í tónleikaskrá.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS  
Iceland University of the Arts

---

# BALDUR BRÖNNIMANN

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

---



Baldur Brönnimann er hljómsveitarstjóri sem leggur sérstaka áherslu á fræðslu, nýsköpun og þátttöku ungs fólks í tónlistarlífinu. Hann hefur um árabil unnið markvisst að því að skapa tækifæri fyrir unga hljóðfæraleikara, tónskáld og stjórnendur, bæði í gegnum samstarf við ungmennahljómsveitir og með því að þróa ný verkefni og tónleikaform sem höfða til nýrra kynslóða.

Hann er aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi Real Filharmonia de Galicia og Escola de Altos Estudos Musicais, þar sem hann hefur lagt áherslu á að styðja við unga og upprennandi listamenn og efla tengsl hljómsveitarinnar við nærsamfélagið. Hann er jafnframt stofnandi Desclasificados í Madrid, tónleikaraðar sem veitir ungu tónlistarfólki vettvang til að koma fram og þróa list sína, og námsstjóri Contemporary-Conducting Program við Lucerne Festival Academy, þar sem hann leiðbeinir næstu kynslóð hljómsveitarstjóra.

Samhliða þessu hefur Brönnimann átt farsælan alþjóðlegan feril og stjórnað fjölda virtustu hljómsveita og flutt verk eftir leiðandi tónskáld samtímans á stórum hátíðum á borð við Lucerne og BBC Proms. Hann starfar víða um Evrópu og á tímabilinu 2025/26 eru meðal verkefna hans bæði ný samstarfsverkefni og endurkomur til þekktara hljómsveita.

Í óperuheiminum hefur hann einnig stjórnað fjölbreyttum uppfærslum hjá helstu óperuhúsum Evrópu og Suður-Ameríku. Brönnimann er fæddur í Sviss, menntaður í Basel og Manchester og býr nú í Madrid.



# LILJA HÁKONARDÓTTIR

EINLEIKARI

Lilja Hákonardóttir hóf þverflautunám átta ára gömul við Tónmenntaskóla Reykjavíkur og frá ellefu ára aldri lærði hún hjá móður sinni, Magneu Árnadóttur, við Menntaskóla í tónlist. Nú stundar Lilja bakkalárnám við Royal College of Music í London, sem styrkhafi hins virta Elsie Gertrude Martin skólasyrks. Flautunámið stundar Lilja undir handleiðslu Gitte Marcusson og Emer McDonough, Dimis Demetriades á pikkólóflautu og Rachel Brown á barokkflautu. Lilja lék einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2018 og Sinfóníuhljómsveit MÍT árið 2022 í kjölfar sigurs í einleikarakeppni skólans. Einnig leiddi hún flautudeild Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 2019-2022. Nýlega lék Lilja með Birmingham Royal Ballet Sinfonia, eftir að hafa unnið prufuspil á vegum RCM.



# MATTHILDUR TRAUSTADÓTTIR

EINLEIKARI

Matthildur Traustadóttir er fædd á Ítalíu en ólst upp á Spáni þar sem hún hóf tónlistarnám sjö ára gömul en frá árinu 2020 lærði Matthildur á fiðlu hjá Guðnýju Guðmundsdóttur á Íslandi. Matthildur lauk burtfaraprófi frá MÍT sem dúx en hún útskrifaðist einnig af náttúrufræðibraut frá Kvinnaskólanum í Reykjavík. Matthildur hefur komið fram á ýmsum tónlistarhátíðum og unnið til verðlauna fyrir fiðluleik sinn í Evrópu og Bandaríkjunum. Til að mynda Fenix International Music Competition, Artist Presentation Society, New Albany, Tuesday Musical, Enkor og Danenburg Honors, sem leiddi til heiðurstónleika í Listasafni Cleveland. Hún sigraði jafnframt einleikarakeppni MÍT haustið 2021. Hún stundar nú nám við tónlistarháskólann Oberlin College and Conservatory undir leiðsögn Sigurbjörns Bernharðssonar.



# HALDÓRA ÓSK HELGAÐÓTTIR

EINSÖNGVARI

Halldóra Ósk Helgadóttir hóf söngnám 17 ára gömul við Söngskólann í Reykjavík hjá Hörpu Harðardóttur, þaðan sem hún útskrifaðist árið 2019. Hún lauk bakkalárgráðu frá Tónlistarháskólanum í Leipzig undir handleiðslu Rolands Schuberts, þar sem hún stundar nú meistaranám.

Halldóra hefur komið víða fram, meðal annars hefur hún sungið við Óperuna í Leipzig, Musikalische Komödie og Isar Philharmonie í München. Einnig hefur hún verið virk sem konsert- og ljóðaflýtyjandi víða um Þýskaland. Nýverið tók Halldóra þátt í söngkeppninni Vox Domini þar sem hún hreppti áhorfendaverðlaun, fyrsta sæti í Opnum Flokki, sem og titillinn "Rödd Ársins".



# MARIANN RÄHNI

EINLEIKARI

Mariann Rähni er fædd árið 2005 og hóf píanónám 3 ára gömul hjá móður sinni, Tuuli Rähni, og hélt síðar náminu áfram hjá henni í Tónlistarskóla Bolungarvíkur. Hún lauk framhaldsprófi í píanóleik árið 2024 og stundar nú nám við Listaháskóla Íslands undir leiðsögn Peters Máté og Eddu Erlendsdóttur. Mariann hefur hlotið viðurkenningar fyrir framúrskarandi píanóleik á Nótunni, uppskeruhátíð tónlistarskólanna bæði 7 og 11 ára gömul og komið fram sem einleikari á lokatónleikum hátíðarinnar í Eldborg, Hörpu. Hún hefur komið fram víða um Evrópu frá 10 ára aldri, þar á meðal á Írlandi, Eistlandi, Finnlandi, Lettlandi, Ítalíu, Spáni og Póllandi, sótt fjölmarga masterklassa og tvisvar hlotið styrk úr minningarsjóði Gyðu Mariasdóttur.

---

# JACQUES IBERT

## FLAUTUKONSERT

---



Jacques François Antoine Ibert (1890–1962) fæddist í París og fyrir hvatningu móður hans, sem var píanóleikari, byrjaði hann ungur að læra á fiðlu og píanó. Tvítugur hóf hann nám í tónsmíðum við Parísar konservatoríð undir handleiðslu Émile Pessard, André Gedalge og Gabriel Faure. Vegna fyrri heimsstyrjaldarinnar þurfti Ibert að gera hlé á námi sínu þegar hann var kvaddur í franska sjóherinn, en að stríðinu loknu tók hann aftur upp þráðinn og árið 1919 vann hann hin virtu Rómarverðlaun; Prix de la Rome. Þessi rausnarlegu verðlaun gerðu Ibert kleift að stunda frekara nám við Frönsku akademíuna í Villa Medici í Róm.

Ibert samdi flautukonsertinn á árunum 1932-1933 og tileinkaði konsertinn Marcel Moyse, en hann var einn áhrifamesti flautuleikari og kennari síðustu aldar. Moyse frumflutti konsertinn í París árið 1934 undir stjórn annars þekkt flautuleikara og tónskálds, Philippe Gaubert. Verkið telst einkennandi dæmi um franska flaututónlist á fyrri hluta 20. aldar og birtir með skýrum hætti þann glæsileika, hnyttni og tærleika sem einkenna franska tónlistarhefð.

Flautukonsertinum var gríðarlega vel tekið; gagnrýnandi dagblaðsins Le Figaro lofaði frumflutninginn í hástert og skrifaði: “Við höfum saknað þess að eiga ekki samtímakonsert fyrir flautu, Ibert gaf okkur einn rétt í þessu”. Konsertinn er í hefðbundnu þriggja þátta formi, hver með sinn sérstaka karakter. Fyrsti kafllinn, *Allegro*, hefst af miklum krafti þar sem flautan leiðir lifandi og sveigjanlegt samtal við hljómsveitina. Þá tekur við ljóðrænn og tilfinningaþrunginn annar kafli, *Andante*, en konsertinum lýkur síðan með kvikum og glettnum lokakafli, *Allegro Scherzando*, sem rofinn er af angurværum millipætti áður en glitrandi leikgleðin tekur við á ný.

Lilja Hákonardóttir

---

# ALEXANDER GLAZUNOV

## FIÐLUKONSERT Í A-MOLL, OP. 82

---



Alexander Glazunov (1865–1936) var eitt helsta tónskáld Rússlands um aldamótin 1900, þekktur fyrir fágaðan stíl og gullfallegar laglínur. Hann var undrabarn og varð síðar áhrifamikill kennari og stjórnandi við tónlistarháskólann í Pétursborg. Þótt hann hafi samið sífóníur og kammertónlist er hann sennilega þekktari fyrir ballettónlist sína, einkum verkin *Raymonda* og *Árstíðirnar*, þar sem glæsilegar laglínur og litrík hljómsveitarskrif njóta sín til fulls. Þótt Glazunov héldi tryggð við rómantíska hefð og þróaði stíl sinn áfram innan hennar á tímum hraðra umbreytinga í tónlistarlífi samtímans, var persónuleiki hans ekki alltaf jafn yfirvegaður. Frægt er að hann hafi stjórnað frumflutningi fyrstu sífóníu Sergei Rachmaninoff undir áhrifum áfengis, sem kann að hafa átt þátt í dræmum viðtökum verksins.

Fiðlukonsert Glazunovs í a-moll, op. 82, saminn árið 1904, er eitt af hans vinsælustu og dádustu verkum. Verkið er óhefðbundið að uppbyggingu, þar sem kaflar renna saman í eina samfellu í stað þess að vera aðskildir. Þessi samfellda framvinna skapar sérstakt flæði og sterka dramatíska heildarmynd, sem gerir einleikaranum kleift að móta tónlistina með mikilli tjáningu. Einnig er athyglisvert að kadensan er skrifuð af tónskáldinu sjálfu og gegnir lykilhlutverki í uppbyggingu verksins, þar sem hún tengir saman mið- og lokahluta þess. Konsertinn var saminn fyrir hinn fræga fiðluleikara Leopold Auer, og naut Glazunov ráðgjafar hans við tónsmiðarnar.

Tónlistin einkennist af gullfallegum, nánast óperulegum laglínunum sem svífa yfir djúpum og litríkum hljómheimi. Á móti þessari ljóðrænu fegurð standa glæsilegir og krefjandi kaflar sem reyna á færni og úthald einleikarans til hins ýtrasta. Í heild sinni sameinar fiðlukonsert Glazunovs glæsileika og dýpt rússneskrar rómantíkur við léttleika og dansandi orku sem minnir á ballettverk hans. Útkoman er verk sem er einlægt, tilfinningaríkt og stórbrotið, fullt af lífi og tæknilegum áskorunum.

*Matthildur Traustadóttir*

---

# MOZART, BERNSTEIN, PUCCINI OG LEHÁR

---

## ARÍUR

---



*Vorrei Spiegarmi, oh Dio* er konsertaría eftir Wolfgang Amadeus Mozart (1756-1791) sem hann samdi fyrir mágkonu sína, Aloyisu Weber. Samkvæmt sögusögnum var Mozart yfir sig ástfanginn af Aloyisu, en giftist að lokum systur hennar, Constönzu, í staðinn, en í þessari aríu syngur ljóðmælandi til mannsins sem hún elskar um erfiði þess að geta ekki verið með honum og segir honum að fara aftur til tilvonandi eiginkonu sinnar sem elskar hann í raun.

*Quando m'en vo*, eða *Vals Músettu* úr óperunni *La Bohème* eftir Giacomo Puccini (1858-1924) hljómar kunnuglega í eyrum flestra. Músetta syngur þennan seiðandi ástaróð, fullan af daðri, yfirborðskennndri glettni og leikrænum tilþrifum, í von um að fanga athygli fyrrum elskhuga síns, Marcello.

*Einer wird kommen* er aría Soniu úr óperettunni *Der Zarewitsch* eftir Franz Lehár (1870-1948). Arían segir frá þrá Soniu eftir sannri ást og er á fremur alvarlegum nótum miðað við flestar óperettuaríur. Sonia veltir fyrir sér hvort hún muni finna ástina, og hvort hún muni þá fyllast hamingju, eða sorg og eftirsjá. Að lokum kemst hún að þeirri niðurstöðu að svo fer sem fer, hún skuli taka af skarið og elska af öllu hjarta.

*Glitter and be Gay* er aría Kúnígúndar úr óperettunni *Candide* eftir Leonard Bernstein (1918-1990). Arían er eins konar flugeldasýning kólóratúrsópransins, fer upp í hæstu hæðir og reynir á tæknilega getu söngvara. Kúnígúnd er stödd í París sem hirðmey auðugs manns eftir að hafa verið numin á brott af heimili sínu. Í aríunni glímir hún við siðferðislega togstreitu og skömm sem hún reynir eftir bestu getu að hylja með yfirborðslegum hlátri og veraldlegum munum.

*Halldóra Ósk Helgadóttir*

---

# GEORGE GERSHWIN

## PÍANÓKONSERT Í F-DÚR

---



George Gershwin (1898-1937) var eitt áhrifamesta tónskáld 20. aldar og frumkvöðull í því að sameina djass og klassíska tónlistarhefð á nýstárlegan hátt. Ungur að árum sýndi hann ótvíræða hæfileika í píanóleik og hóf feril sinn sem lagahöfundur á Tin Pan Alley áður en hann sló í gegn á Broadway í samstarfi við bróður sinn, Ira Gershwin.

Gershwin samdi Píanókonsertinn í F-dúr árið 1925, skömmu eftir að hann náði heimsfrægð með Rhapsody in Blue, en í þetta sinn samdi hann og útsetti verkið sjálfur fyrir hljómsveit. Konsertinn er í þremur köflum: *Allegro*, *Adagio – Andante con moto* og *Allegro agitato*. Verkið brýtur upp hefðbundin mörk milli klassískrar tónlistar og djass, þar sem það byggir að hluta á hefðbundinni klassískri formgerð, en blandar henni frjálsglega við djassáhrif. Fyrsti kafllinn vísar til sönötuformsins, á meðan annar og þriðji kafli fylgja frjálssari formgerð.

Verkið hefst á kraftmiklum trommuhöggum sem setja strax fram sterkan karakter. Charleston-hrynjandi, pentatónískar laglínur og einkennandi aðalþema fléttast saman í lífandi samspili píanós og hljómsveitar. Kafllinn einkennist af sífelldri hreyfingu þar sem ólíkir rytmar og hugmyndir takast á og mynda andstæður milli orkumikilla og fíngerðra kafla, áður en hápunktur er náð undir lok kaflans, sem Gershwin merkir *Grandioso*.

Annar kafllinn er ólíkur fyrsta kaflanum og einkennist af ljóðrænu andrúmslofti sem minnir á bandarískan blús. Kafllinn hefst með trompet sem kynnir upphafsþemað áður en píanóið kynnir nýtt þema og þróast þessar tvær hugmyndir í gegnum kaflann í fjölbreyttum myndum í samspili píanós og hljómsveitar.

Lokakafllinn snýr aftur til orkumikils stíls fyrsta kafla og er hraður, rytmískur, með skýrum ragtime-áhrifum. Þar birtast fyrri móttíf verksins í nýjum og þróðum myndum en núna með hraðari og kraftmeiri karakter, þar sem píanó og hljómsveit leiða verkið að glæsilegum hápunkt og afgerandi lokum.

Mariann Rähni

# SINFÓNÍAN Á BETRA VERÐI



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

Með Skólakorti Sinfóníuhljómsveitar Íslands fá allir nemar,  
25 ára og yngri, miða á tónleika Sinfóníunnar fyrir aðeins  
2.490 kr. ef miðinn er keyptur samdægurs.

Hægt er að sækja um kortið í miðasölu Hörpu  
eða á [sinfonia.is/skolakort](http://sinfonia.is/skolakort).

---

# Á DÖFINNI

---

## LANDLIT & LISZT

FIMMTUDAGUR 30. APRÍL KL. 19:30

Hollenski píanóleikarinn Nikola Meeuwesen flytur píanókoncert nr. 2 eftir Franz Liszt. Frumflutt verður Landlit, fyrsta sinfónía Páls Ragnars Pálssonar, en verkið sækir innblástur í samnefnt myndlistarverk Valgerðar Briem, sem endurspeglar áferð gróður- og bergmyndana landsins á öræðan hátt.

Þá leikur Sinfóníuhljómsveitin konsertsvítu úr ballettinum um Mandarinann makalaus eftir Béla Bartók. Eva Ollikainen aðalhljómsveitarstjóri heldur um tónsprotann.



---

## VÍSNA BÓKIN – LITL TÓNSPROTINN

LAUGARDAGUR 9. MAÍ KL. 14:00 & 16:00

Vísna bókinn er klassísk gersemi sem fylgt hefur mörgum börnum og fullorðnum allt frá því að hún kom fyrst út árið 1946. Í bókinni er að finna úrval vísna og kvæða að ógleymdum myndskreytingum Halldórs Péturssonar. Það eru leikararnir og söngvararnir, Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Sigurður Þór Óskarsson og Hallgrímur Ólafsson sem koma fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt Gradualekórum Langholtskirkju. Teikningum Halldórs verður varpað upp á stóra tjaldið í Eldborg á meðan á tónleikunum stendur. Hljómsveitarstjóri er Hjörtur Páll Eggertsson.



---

## HEIMSÓKN Á AKRANES

FÖSTUDAGUR 15. MAÍ KL. 19:00 – ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN JAÐARSBÖKKUM

Sinfóníuhljómsveit Íslands er það mikið kappsmál að allir landsmenn fái notið tónleika hennar. Blásið er til tónleika í íþróttahúsi Akraness þar sem við njótum afraksturs blómlegs tónlistarstarfs á svæðinu og bjóðum upp á sannkallaða söngveislu með kórum og einsöngvurum af Vesturlandi. Um tónsprotann heldur Hjörtur Páll Eggertsson en einsöngvarar eru þau Benedikt Kristjánsson, Hanna Ágústa Olgeirsdóttir, Björg Þórhallsdóttir, Hanna Þóra Guðbrandsdóttir og Kristín Sveinsdóttir. Aðgangur er ókeypis og eru öll velkomin.



---

# Á DÖFINNI

---

## MAGNÚS JÓHANN – PORTRETT

FÖSTUDAGSRÖÐ

FÖSTUDAGUR 22. MAÍ KL. 18:00

Magnús Jóhann Ragnarsson hefur skapað sér viðurkenningu sem óvenju fjölhæfur tónlistarmaður á flestum sviðum tónlistar; sem tónskáld, hljómborðsleikari og upptökustjóri. Á þessum tónleikum flytur Magnús Jóhann eigin tónlist í fjölbreyttum hljómsveitarútsetningum. Magnús leikur ekki eingöngu á pianó og hljómborð heldur hefur hann að undanfögnu þjálfað sig í leik á hið dulmagnaða hljóðfæri Ondes Martenot sem fær einnig að njóta sín á þessum tónleikum.

Tónleikarnir eru um klukkustundarlangir, án hlés.




---

## MAHLER 8

Á LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

FÖSTUDAGUR 29. MAÍ KL. 19:30 OG FÖSTUDAGUR 30. MAÍ KL. 17:00

Flutningur á 8. sínfóníu Mahlers er án nokkurs vafa stórviðburður í íslensku tónlistarlífi og markar tímamót í sögu Sínfóníuhljómsveitar Íslands. Þetta stórvirki tónlistarsögunnar hefur aldrei áður verið flutt hér á landi og nú er öllu tjaldað til. Á sviðinu verða á fjórða hundrað flytjendur, óvenjustór hljómsveit, átta einsöngvarar, kór og barnakór. Eva Ollikainen stjórnar flutningnum. Ekkert hlé er á tónleikunum.



---

## NÆRMYND: HILDUR GUÐNADÓTTIR

Á LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

FIMMTUDAGUR 4. JÚNÍ KL. 19:30

Hildur Guðnadóttir er eitt fremsta kvikmyndatónskáld samtímans og hefur hún m.a. hlotið Grammy-, Emmy-, Bafta- og Óskarsverðlaun fyrir störf sín. Hér leiðir listakonan sjálf dagskrá þar sem hún segir frá verkum sínum, áhrifavöldum og heimi kvikmyndatónlistar.

Hljómsveitin leikur tónlist Hildar sjálfrar og tónlist sem haft hefur mikil áhrif á hana í gegnum tíðina. Tónleikarnir eru samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Sínfóníuhljómsveitar Íslands en Hildur er hátíðarlistamaður Listahátíðar 2026.

Tónleikarnir eru u.þ.b. ein og hálf klukkustund með hléi.



# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

## 1. FIÐLA

Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Andrzej Kleina  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Sigrún Harðardóttir  
Lin Wei  
Laura Liu  
Joanna Bauer  
Pálína Árnadóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Laufey Jensdóttir

## 2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir  
Hekla Finnadóttir  
Þórdís Stross  
Emma Garðarsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Hlín Erlendsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Justyna Bidler  
Ingrid Karlsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir

## VÍÓLA

Rita Þorfrís  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Sarah Buckley  
Kathryn Harrison  
Guðbjartur Hákonarson  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Herdís Anna Jónsdóttir

## SELLÓ

Steiney Sigurðardóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Júlía Mogensen  
Urh Mrak  
Margrét Árnadóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson

## BASSI

T.C. Fitzgerald  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Jacek Karwan  
Richard Korn

## FLAUTA

Rafael Adobas  
Áshildur Haraldsdóttir  
Caterina Compagno

## ÓBÓ

Julia Hantschel  
Matthias Nardeau  
Peter Tompkins

## KLARÍNETT

Jorge Paiva Neves  
Grimur Helgason  
Baldvin Ingvar Tryggvason

## FAGOTT

Bryndís Þórsdóttir  
Brjánn Ingason

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Jason Friedman  
Joseph Ognibene  
Yi-Ling Shih

## TROMPET

Zach Silberschlag  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## BÁSÚNA

Jón Arnar Einarsson  
Sigurður Þorbergsson

## BASSABÁSÚNA

David Bobroff

## TÚBA

Itamar Elis

## HARPA

Katie Buckley

## PÍANÓ

Liam Kaplan

## PÁKUR

Frank Aarnink

## SLAGVERK

Marco Santos  
Eggert Pálsson  
Kjartan Guðnason  
Matiss Meckl

## AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI

Eva Ollikainen

## FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson  
framkvæmdastjóri  
Valdís Þorkelsdóttir  
viðburða- og skipulagsstjóri  
Hrafnhildur Árnadóttir  
Hafstað  
verkefnastjóri viðburða  
Hjördís Ástráðsdóttir  
fræðslustjóri  
Tryggvi M. Baldvinsson  
listrænn ráðgjafi  
Jökull Torfason  
verkefnastjóri dagskrágerðar

Margrét Ragnarsdóttir  
markaðs- og kynningarstjóri  
Kristín Björg Björnsdóttir  
markaðsfulltrúi (í leyfi)  
Rut Sigurðardóttir  
markaðsfulltrúi (afleysing)  
Dagrún Hálfánardóttir  
mannauðsstjóri  
Svanhvit Hrólfssdóttir  
fjármálastjóri  
Tracy Bass  
nótnavörður  
Brynja Guðmundsdóttir  
aðstoðarnótnavörður  
Sigbór J. Guðmundsson  
verkefnastjóri sviðs-  
og tæknimála  
Björk Björgúlfssdóttir  
sviðsmaður

## STJÓRN SÍ

Sigurður Hannesson  
formaður stjórnar  
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir  
Margrét Pálmadóttir  
Emil Friðfinnsson  
Ragnar Jónasson

29. MAÍ, FÖSTUDAGUR KL. 19:30  
30. MAÍ LAUGARDAGUR KL. 17

# MAHLER

GUSTAV MAHLER

SINFÓNÍA NR. 8

ELDBORG HARPA

LSTA HÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS, BRYNDÍS GUÐJÓNSDÓTTIR,  
ÁLFHEIÐUR ERLA GUÐMUNDSDÓTTIR, DÍSELA LARUSDÓTTIR, ANNA KISSJUDIT,  
HANNA DORA STURLUDÓTTIR, SIMON O'NEIL, OLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON  
OG TOMAS TOMASSON EINSÓNGVARAR.

MÓTETTUKÓRINN, HLJÓMEYKI, SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA,  
KÓR LANGHOLTSKIRKJU OG SKÓLAKÓR KARSNESS KÓRAR

HLJÓMSVEITARSTJÓRI EVA OLLIKAINEN



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS